

Alþingi
Erindi nr. P 138/2841
komudagur 11. 6. 2010

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöðum vörð um heimilin sem grunnað samfélagið



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.6.2010

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þskj. 950 – 560. mál á 138. löggjafarþingi.

Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna telja jákvætt skref stigið með því að sameina undir ein lög ákvæði um greiðsluaðlögun einstaklinga. Er það í samræmi við ábendingar samtakanna frá þeim tíma er frumvörp um greiðsluaðlögun samningskrafna og greiðsluaðlögun veðkrafna voru til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd á síðasta ári.

Samtökin fagna því að á mörgum stöðu í nýja frumvarpinu hefur verið tekið tillit til þeirrar ábendingar að greiðsluaðlögunin nær til einstaklings, en ekki skuldara og að viðsemjendur eru lánadrottinnar en ekki kröfuhafar. Hvetja samtökin viðskiptanefnd til að ljúka þessari breytingu texta, þannig að samræmi sé alls staðar í orðanotkun.

Samtökin vísa til fyrri umsagnar um þingskjalið um fjölmörg efnisatriði sem ekki hefur verið tekið tillit til. Í heildina er nýja frumvarpið bót frá því fyrra, þó alltaf megi deila um einstök atriði. Þannig eru ennþá ýmis tímamörk of knöpp og lýsingarorð notuð sem munu örugglega valda erfiðleikum með framkvæmd einstakra atriða og verða til þess að mörg mál eiga eftir að enda fyrir kæruneftnd.

Í fyrri umsögn gagnrýndu samtökin hina miklu gagnöflun sem þörf er á. Heldur virðist nýja frumvarpið bæta í. Telja samtökin að þessi tíðtæka gagnaöflun sé einfaldlega tæknileg hindrun fyrir því að einstaklingar leiti efti rþessu úrræði.

Haldið er í nokkur önnur atriði í nýju útgáfu frumvarpsins, sem samtökin gerðu athugasemd við í þeirri fyrri. Þau eru í sjálfu sér smávægileg og verður þeim ekki haldið freka á lofti.

Samtökin fagna þeim fjölmörgu breytingum sem gerðar hafa verið frá og með IV. kafla frumvarpsins.

Virðingarfullt
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Friðrik Ó. Friðriksson

Marinó G. Njálsson